

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur nr. 10, haldinn miðvikudaginn 12.06.2013 kl. 17:00 á Kjávöllum.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson og Ingibjörg G Geirsdóttir. Einnig mættu til fundarins Ingvar Ingvarsson frá IceCom og Guðjón Örn Þorsteinsson Sprettari.

1. **Kynningarfundur með Jáverk.**

Boðað hefur verið til kynningarfundar um stöðu og framgang byggingar reiðhallar Spretts á Kjávöllum í húsnæði Jáverks, Skeifunni 7, miðvikudaginn 19.06.2013 kl. 17⁰⁰

2. **Reiðskóli Spretts 2013.**

Reiðskóli Víkingahesta í samstarfi við hestamannafélagið Sprett er kominn í gang. Hestahólf sem girt var vestan Vatnsendavegar er vatnslaut. Þangað þarf að leggja vatnslögn og/eða vatnsker sem fyllt er á reglulega. Málið er í höndum Kópavogsbæjar. SS fylgir eftir.

3. **Staða framkvæmda á Kjávöllum.**

- a. Reiðhöll. JÁ-verk er að vinna við undirstöður (sökklar). Gert ráð fyrir að vinna við burðarvirki (sperrur og bitar) hefjist í byrjun júlí.
- b. Vallarsvæði - grjóttísla. Vinnuflokkur frá Garðabæ sér um grjóthreinsun á svæðinu. Gengur vel.
- c. Sáning hafin á þeim svæðum sem grjóthreinsun er lokið.
- d. Þökulagning. Gert ráð fyrir að leggja þökur í kringum velli og á þá staði þar sem álagið er mest, áætlað magn um 2.000 m².

4. **Bætur vegna tafa.**

Samið hefur verið við Jáverk um bætur vegna tafa sem urðu vegna sigs á púða, 4,7M

5. **Fjármál.**

- a. Greiðsla frá Kópavogsbæ. Tafir hafa orðið á greiðslu Kópavogsbæjar til félagsins í samræmi við samning frá seinasta ári um uppbyggingu á Kjávöllum.
- b. Lóðarleigusamningur vegna Hattarvalla. Verið er að vinna að frágangi lóðarleigusamningas vegna reiðhallar Hattarvöllum 2
- c. Stofnun einkahlutafélags. Deloitte endusskoðun er að skoða hagkvæmni á stofnun einkahlutafélags, dótturfélags Spretts, vegna byggingar reiðhallar.

6. **Kynning á öryggiskerfi fyrir Kjávallasvæðið.**

Á fundinn kom Ingvar Ingvarsson frá ICECOM og kynnti myndavélakerfi til vöktunar svæðisins.

7. **Tækninefnd.**

Samþykkt var tillaga ÞS um stofnun tækninefndar félagsins. Nefndin sæi um öll tæknimál og umsjón tæknibúnaðar hjá félaginu. Guðjón Þorsteinsson falið að undirbúa starfsemi Tækninefndar.

8. **TREC.**

ÞS kynnti TREC þrautakeppni, 35 þrautir á 17 stöðvum. Verið er að skoða uppsetningu á slíkri braut og áætlaðan kostnað.

9. **Næsti fundur** verður boðaður sérstaklega.

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 18:30

Fundargerð ritaði Guðmundur Hagalínsson